

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



14. mars 2022

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 284. mál á 152. löggjafarþingi

Stjórnartíðindi, Lögbirtingablað o.fl. (gjaldfrjáls rafræn útgáfa)

Með frumvarpi því sem hér um ræðir er lagt til að aðgengi að rafrænni útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs verði gjaldfrjálst. Hagsmunasamtök heimilanna vilja af þessu tilefni benda á að ekki er tekið gjald fyrir aðgang að rafrænni útgáfu Stjórnartíðinda í núverandi mynd. Aftur á móti er tekið 3.000 kr. gjald fyrir ársáskrift að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs, samkvæmt heimild í 14. gr. b laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991.

Aðgangur að Lögbirtingablaði er mikilvægur þáttur réttarríkisins því þar eru birtar ýmsar tilkynningar sem geta haft margvísleg réttaráhrif fyrir þá sem þær beinast að. Í tengslum við þau málefnasvið sem Hagsmunasamtök heimilanna láta sig varða hefur þetta sérstaklega þýðingu varðandi stefnubirtingar, en í vissum tilvikum er birting stefnu í Lögbirtingablaði talin fullnægjandi, svo sem ef lögheimili eða aðsetur er óþekkt. Það sama á við í svokölluðum ógildingarmálum en samtökunum er kunnugt um fjölda tilvika þar sem fjallað hefur verið um stórfellda hagsmuni einstaklinga í slíkum málum án þess að þeim hafi verið gert kunnugt um málshöfðun nema með auglýsingu í Lögbirtingablaði. Það ágæta rit lesa fæstir almennir borgarar reglulega og eru því raunveruleg dæmi um að einstaklingar hafi orðið fyrir réttarspjöllum vegna útivistar í slíkum málum. Samtökin leggja því til að í rafrænu umhverfi verði notendum gert kleift að setja vöktun á tiltekna leitarstrengi t.d. kennitölu sína eða fasteign og fengið senda tilkynningu ef auglýsing birtist sem inniheldur þann streng. Þannig gætu einstaklingar tryggt að þeir fari ekki á mis við slíkar birtingar sem varða hagsmuni þeirra.

Að framangreindum athugasemdum virtum eru Hagsmunasamtök heimilanna almennt fylgjandi þeim tillögum sem koma fram í hinu umrædda frumvarpi.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is